



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/1522*  
*komudagur 20.3.2001*

UNIVERSITY OF ICELAND  
INSTITUTE OF ECONOMIC STUDIES  
101 REYKJAVÍK,  
ICELAND  
TEL.: 354 525 4500  
FAX: 354 552 6806  
<http://www.hag.hi.is>

Reykjavík, 19. mars 2001

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, sala hlutafjár ríkissjóðs, sbr. bréf formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsett 16. mars 2001.**

Höfuðmáli skiptir fyrir heilbrigða framþróun íslensks efnahagslífs að fjármála-markaður í landinu sé traustur og öflugur og að á honum ríki full samkeppni milli innlendra jafnt sem erlendra stofnana. Breyting viðskiptabanka ríkisins í hlutafélög var mikilvægt skref í þessa átt, en það stefndi að því að hlutverk ríkisins færðist frá þátttöku til umsjónar. Nauðsynlegt er hins vegar að skrefið sé tekið að fullu, þar sem ríkið getur ekki gegnt báðum verkefnum í senn svo að vel fari. Rétt er því að sala hlutabréfa fari fram sem fyrst, þó að tillit sé um leið tekið til magns hlutafjár og aðstæðna á fjármagnsmörkuðum hér á landi og erlendis. Við sölu er jafnframt rétt að hafa í huga að höfuðmarkmið hennar er að sem heilbrigðastur fjármálamarkaður verði til. Myndarleg aðild erlendra fjármálastofnana að íslensku bönkunum myndi stuðla að þessu með því að auka traust á fjárhag þeirra, efla viðskiptasambönd og veita aðgang að sérþekkingu. Jafnframt myndi slík aðild greiða fyrir því að ríkið fengi hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum, enda þótt það sé ekki í sjálfu sér höfuðtilgangur sölnnar.

Hafa verður í huga áhrif hlutabréfasölu á jafnvægi efnahagslífsins, ekki síst eins og nú horfir við í þeim efnunum. Skiptir þá mestu máli að andvirði sölnnar verði ekki notað til aukningar útgjalda, hvort sem er til samneyslu, framkvæmda eða fjármagns-myndunar í opinberum sjóðum. Andvirðið ber að nota til lækkunar skulda ríkisins, innlendra eða erlendra. Heppilegast væri að skiptingin þar á milli fylgdi sem næst fjármögnun kaupanna. Að því leyti sem fé til þeirra kæmi frá erlendum aðilum, eða frá erlendum lántökum innlendra aðila, væru erlendar skuldir lækkaðar, en þær innlendu að því leyti sem féð kæmi að heiman. Þetta yrði þó gert með gengismarkmið Seðlabanka í huga.

Þriðja aðtriðið sem vert er að gefa gaum við ákvörðun um sölu hlutabréfa er stöðugleiki fjármálakerfisins. Ástæða er til að ætla að salan verði til þess að auka þann stöðugleika frekar en að draga úr honum. Með sölnni er lögð á það áhersla að hlutverk ríkisins sé umsjón með markaðnum og að það muni ekki draga taum einstakra stofnana. Eru þetta í senn skilaboð til markaðarins um að almenn umsjón verði skerpt og til þeirra banka sem áður voru í ríkiseigu um að þeir verði að gæta fyllstu varúðar.

Virðingarfyllst,

*Tryggvi Þór Herbertsson*  
Tryggvi Þór Herbertsson,  
forstöðumaður